Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða, er einn fróðasti maður um Kjarval, sem til er í landinu, og á held ég líka til flest af því er Kjarval skrifaði opinberlega. Það eru því hæg heimatökin til að fá hugmyndir að nýjungum til að fjörga minninguna um Kjarval.

Lífshlaupið og Land Meistarans

Kjarval var hamhleypa til verka. Það vita flestir er einhver skil kunna á lífsverki hans. Í stuttri grein um Kjarval segir Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur þetta:

„Jóhannes S. Kjarval bjó lengst af sinnar löngu starfsævi í Reykjavík og andaðist þar 13. apríl 1972. Þótt hann hefði vinnustofu sína í Austurstræti 12, með nokkrum frávikum síðar á ævinni, var Ísland allt einskonar starfsvettvangur hans. Hann gerði tíðförult á einstaka staði, og upp úr 1930 byrjaði hann komur sínar austur í fæðingarbyggð sína, þar sem hann málaði af og til á sumrin, og svo að segja á hverju sumri eftir 1945. Að meðtöldum kjörnum stöðum á Síðu, Fljótshverfi og í Eldhrauni, batt hann mikla tryggð við Borgarfjörð eystra, Þingvelli og Snæfellsnes.

Kjarval var stjórgjöfull á verk sín og bera myndir á bæjum eystra þess gleggstan vott. Stundum var honum ekið í ból á ákveðna staði með trönur og liti, en oftar en hitt var ekki komið á leiðarenda, þegar hann bað að stansa. Þá hafði einhverja þá fyrirmynd borið fyrir augu sem ekki var hægt að sleppa. Aðra daga stóð hann kannski í heyverkum með heimilisfóki þar sem hann hélt til þá stundina.

Kjarval var einstakur snillingur að lesa í landið. Það rann saman í myndir fyrir augum hans, sem aðrir höfðu ekki tekið eftir, þótt þeir hefðu lifað langa ævi í grennd við andlit í kletti eða sérstök litbrigði hömrum girtrar hlíðar. En það þurfti ekki stórar fyrirmyndir til. Lággróðurinn varð ósandi orkuhaf í höndum hans. Jafnvel grár hausttíminn bældur undir aðfara vetrar gat stigið fram í sérkennilega tærri og hljóðlátri fegurð undan penslinum. Slíkt er ekki gefið nema fáum innblásnum.

Hinn sérkennilegi og voldugi fjallajöfur Lómagnúpur var Kjarval kært viðfangsefni. Þær eru orðnar margar kritarmyndirnar og málverkin af því fjalli. Og engin þeirra er eins. Það er eins og listamaðurinn sé að strjúka gnúpnum um vangann til staðfestingar hinum breytilegu sýnum. Á slíkum stundum var Kjarval kominn í bland við náttúruandana — orðinn einn þeirra og þeirra örlátastur. Þá stóðu honum allir fjársjóðir landsins opnir."

Að gera endurminningunni skil er vandasamt verk. Einhliða kynning á töfrandi lífsmanni er ekki einasta röng, heldur líka fölsun. Það skulum við hafa í huga. Ef það er ætlunin að halda uppi sannri minningu um Kjarval, verður það ekki gert með þessari niðurnegldu sýningu. Með henni vinnum við nefnilega líka tjón, líkt og á Finnlandíu forðum.

Og við höfum fleiri dæmi í landinu, þar sem annars góðum listamönnum látnum, er haldið að fólki með slíku offorsi að það er á góðri leið með því að ganga endanlega frá þeim. Að hafa umboðsmenn á jörðunni að sér látnum er því dálitið háskalegt líka.


Goðsögn er góð, en listamenn gera góða hluti og vonda. Þegar allt er hins vegar orðið heilagt er þeir gjörðu, erum við á rangri leið.

Kynningin á Jóhannesi Sveinssyni Kjarval þarf að vera miklu víðtækari en hún er núna, annars kann hún að valda verulegu tjóni á minningunni um þannan mikla, skáldlega mann, sem í senn var mesti málari sinnar þjóðar og þjóðsagan sjálf í senn, lifandi komin.

Jónas Guðmundsson

Ingólfur Davíðsson:

Súrhey, flétta og sveppir




Hvítur fjölgreinóttur sveppur á tekkviðarplötu. Rvík. í okt. 1979.

Það var svöl og suddasöm heyskapartíð löngum á norðanverðu landinu sl. sumar. Gripu þá, sem betur fór, allmargir til votheysverkunar, og sumir á all nýstárlegan hátt, utan súrheysgryfja og turna, Petersen á Kleif á Árskógsströnd hafði lengi predikað mjög einfalda aðferð við votheysgerð, og sumir höfðu lesið um hana í útlendum tímaritum fyrir alllöngu. Petersen gróf bara skurði, ók heyinu í þá og setti farg á. Þetta gat heppnast furðanlega, en vildi þó ódrýgjast nokkuð og erfitt þótti að taka heyið til gjafar úr skurðunum. Þetta stóð þó allt til bóta og stendur enn — og ýmsir eru farnir að reyna þetta. Sl. sumar sá ég þessa, eða svipaða aðferð heyverkunar í Danmörku og hér heima, t.d. á Stóru-Hámundarstöðum á Árskógsströnd. Þar er nýbyggt stórt fjárhús með heimasteyptu grindagólfi (rimlum) og ýmsum nýjungum til að létta vinnu við hirðingu. Landi hallar þarna, og í lautarhallann þar við fjárhúsið var ekið mikilli töðu af túninu grasþurri. Bárujárn sett upp öðrum megin til að halda heyinu í skorðum, eins og sjá má á myndinni. Bóndi flutti heyið heim þangað á vagni, en konan ók dráttarvél fram og aftur, ótal sinnum, þar á heyinu til að fergja það duglega. Yfirbreiðsla úr plasti, þegar þar að kom. Þetta mun hafa heppnast vel.

Fléttan á undirbollanum, sem Tryggvi tók mynd af, er fallegur gulhvítur hreindýramosi, tekinn úti á Álftanesi sl. haust, og er alltaf jafnfagur. Rósaldin þurrkuð sjást einnig á myndinni. Hreindýramosi er tilvalinn til skreytinga sumar og vetur. — Þriðja myndin sýnir sveppgróna trétekksplötu, sem legið hafði í rökum kjallara. „Málverkið á plötunni er myglsveppur, er spunnið hefur þræði sína hvíta og sveppagró fagurlega mönnum til undrunar. Tegundir myglusveppa eru margar, og úr einni þeirra er lyfið fræga penisillínunnið. Það var ekki með öllu út í loftið er fyrrum var lögð mygla við sár. En auðvitað þurfti að gæta hreinlætis. Oft er mikið um myglusveppi í rökum húsum og þykir hún hvimleið, m.a. í eldhússkápum, þar sem hún skemmir brauð o.fl. matvæli. Einnig fatnað. Við finnum fúkkalykt þar sem mikil mygla er, vegna þess að við öndum að okkur gróum sveppsins, er þau rjúka upp við minnsta loftsúg, t.d. ef eldhússkáphurð er opnuð. Mygla kemur fljótt í ný hús, því að gróin berast með loftinu og alls kyns hlutum og varningi. En flestir myglusveppir þrífast aðeins vel í raka. Þá mynda þeir ljósleita slæðu t.d. á röku gólfi og á matvælum. Brauð getur orðið alveg gegnofið af þráðum myglusveppa og er óhollt eins og nærri má geta. Enginn kemst hjá því að smávegis mygla sé stundum í mat og er það meinlaust. En verulega myglaður matur er vitanlega óhollur — og einkum sé hans neytt til lengdar. Myglað fóður sömuleiðis varasamt fénaði, og enginn fjármaður er öfundsverður af að hýsa og gefa myglað hey, enda nota sumir rykgrímur. Hænsni og kalkúnar hafa drepist af mygluðu fóðurkorni erlendis. Annars eru fjölmargir sveppir hinir þörfustu á búi náttúrunnar, því að þeir, ásamt bakteríum, valda rotnun, og hún er nauðsynleg, Hugsið ykkur ef dautt gras og aðrar jurtir rotnuðu ekki, eða dauð dýr úti í náttúrunni ! Nei allt á að hverfa til jarðarinnar aftur.

Hreindýramosi og þrjú rósaldin.



Súrhey á bersvæði við nýja fjárhúsið á Stóru-Hámundarstöðum á Árskógsströnd 17. sept. 1979



gróður og garðar

Frá Þjóðkirkjunni:

Núverandi ástand í Eþíópíu

Eþíópía er gjarnan nefnd og með réttu „elsta konungsríki Afríku". Síðasti þjóðhöfðingi þess var Haile Selassie, sem var kristinn. Undir stjórn hans nutu kristniboðar aukins frelsis en síðustu árin var stjórn hans illa starfhæf af stjórnmálalegum og persónulegum orsökum. Fámennir hópar sópuðu til sín miklum auðæfum meðan almenningur bjó við sára fátækt. Árin 1973-74 olli þurrkur miklum hörmungum. Ókyrrð og biturleiki braust að lokum út í uppreisn og 13. september 1974 náði herforingjaráðið, þekkt undir nafninu Dergue, völdum. Nýja stjórnin kom á nýrri skipan eignarréttar landssvæða, skipulagi á fræðslu, viðskipta- og landbúnaðarmál. Samt eru erfiðleikar Eþíópíu langt frá liðnir. Eþíópíumenn berjast við Sómali í austri og Eritreumenn í norðri. Í nýju stjórninni er flokkadráttur. Gagnvart trúfrelsi er staðan óljós.

Af þeirri ástæðu hefur kirkjan orðið fyrir ofsóknum af hendi nokkurra héraðsstjórna. Allt fræðsluefni hefur verið fjarlægt úr sumum kirkjunum, nokkrir leiðtogar hnepptir í varðhald og unglingar pyntaðir. Framkvæmdastjóri lútersku kirkjunnar, Gudina Tumsa, hvarf og óttast er að hann hafi enn á ný verið handtekinn af stjórninni, þó ekki sé vitað hvar hann er.

Árið 1963 stofnaði Lúterska heimssambandið útvarpsstöðina Radio Voice of the Gospel í Addis Ababa. Frá henni berst trúarlegt og fræðandi efni um Afríku, Mið-Austurlönd, Indland og víðar. Stjórnin tók stöðina í sína þágu 12. mars 1977.

Brýnt er að biðja fyrir réttlátri, mannlegri stjórn í Eþíópíu og að aftur verði þeir frjálsir sem sitja í fangelsum vegna stjórnmálalegra og trúarlegra skoðana.